

12. desember 2016

Félagsvísar: Hagur og heilbrigðisþjónusta 2015

Social indicators: Economy and health services 2015

Samantekt

Fjórar af hverjum hundrað konum og tveir af hverjum hundrað körlum neituðu sér um þjónustu læknis eða sérfræðings árið 2015 vegna kostnaðar, eða samtals tæplega 8 þúsund manns. Kostnaður er meiri fyrirstaða fyrir tekjulægri hópna en þá tekjuhærri, en 6% fólks í tekjulægsta fimmtungnum fór ekki til læknis vegna kostnaðar á móti rúmlega 1% fólks í efsta tekjufimmtungi.

Hlutfallslega margir á Íslandi neita sér um læknisþjónustu vegna kostnaðar miðað við önnur Evrópuríki sé tekið mið af nýjustu samanburðartölum sem eru frá árinu 2014 en þá fór ríflega 3% Íslendinga ekki til læknis vegna kostnaðar sem var sjötta hæsta hlutfallið í Evrópu.

Áætlað er að 25 þúsund manns, eða um 10% fullorðinna á Íslandi, hafi árið 2015 einhvern tíma ekki farið til tannlæknis vegna kostnaðar þegar þau þurftu, um 11 þúsund karlar og 14 þúsund konur. Kostnaður er oftast tilgreindur sem ástæða fyrir því að sleppa tannlæknisheimsóknum hjá tekjulægri hópnum en þeim tekjuhærri, en 17% fólks í lægsta tekjufimmtungi fór ekki til tannlæknis vegna kostnaðar árið 2015 á móti 4% fólks í tekjuhæsta fimmtungnum.

Á heildina litið er hlutfall þeirra hátt á Íslandi sem ekki fóru til tannlæknis þrátt fyrir að þurfa þess í evrópskum samanburði sem nær til ársins 2014. Hlutfall kvenna sem ekki fór til tannlæknis vegna kostnaðar reyndist vera það fjórða hæsta í Evrópu og hlutfallið meðal karla það fimmta hæsta.

Einn af hverjum fjórum atvinnulausum á Íslandi fór ekki til tannlæknis vegna kostnaðar árið 2014, 23% kvenna og 26% karla, sem er fjórða hæsta hlutfallið í Evrópu hjá báðum kynjum. Næst á eftir atvinnulausum eru hæstu hlutföll þeirra sem neita sér um tannlæknaþjónustu að finna hjá fólki sem er á vinnualdri en ekki á vinnumarkaði, til dæmis námsmenn, öryrkjar eða heimavinnandi. Um 17% kvenna utan vinnumarkaðar á Íslandi fóru ekki til tannlæknis sökum efna árið 2014 og deilir Ísland þar hæsta hlutfallinu með Portúgal og Lettlandi. Meðal karla var hlutfallið á Íslandi um 13%, sem er annað efsta hlutfallið á listanum á eftir Lettlandi (18%).



Inngangur

Það er stefna allra Evrópuríkja að aðgengi að heilbrigðisþjónustu sé jafnt en misjafnt er hvernig þjónustan er skipulögð og að hve miklu leyti markmiðið næst. Í sumum löndum eru opinberar sjúkratryggingar ráðandi á meðan hlutur einkatrygginga er stærri annars staðar. Þá er misjafnt hvort og að hve miklu leyti tannlækningar eru hluti almannatryggingakerfisins.¹ Ein leið til að skoða hvort ólík heilbrigðiskerfi skili misjöfnu aðgengi að heilbrigðisþjónustu er að spyrja fólk hvort það hafi einhvern tímann á tilteknu tímabili ekki sótt sér heilbrigðisþjónustu sem það hafði þörf fyrir og bera hópinn saman á milli landa. Þá er einnig hægt að skoða hvort einhverjir hópar innan ríkis séu líklegri en aðrir til að neita sér um heilbrigðisþjónustu og þannig sjá hvort sama kerfið komi ólíkt við mismunandi hópa.

Í könnuninni er fólk spurt hvort á síðustu tólf mánuðum hafi verið einhver tilvik þar sem það leitaði ekki til læknis, sérfræðings eða þess háttar heilsu sinnar vegna þó það hafi þurft á því að halda og er sams konar spurningar spurt um þjónustu tannlæknis. Svári það játandi er síðan spurt hver aðalástæðan hafi verið fyrir því. Skipta má þeim ástæðum sem fólk gefur gróflega í tvennt: Annars vegar eru það kerfislægar ástæður, sem vega þyngst, svo sem kostnaður þjónustunnar, biðlisti, eða vegalengd frá heimili að þjónustuaðila. Hins vegar eru það persónulegar ástæður, svo sem ótti við lækna eða sjúkrahús, en þær eru mun sjaldgæfari. Í þeim samanburði sem hér liggur til grundvallar er áherslan lögð á kerfislægu ástæðurnar, sérstaklega kostnað.


Óuppfyllt þörf fyrir læknisþjónustu

Það er tiltölulega algengt á Íslandi, miðað við önnur ríki í Evrópu, að fólk fari ekki til læknis þó það þurfi þess sé tekinn saman fjöldi þeirra sem ekki komst í skoðun til læknis eða sérfræðings árið 2014, óháð ástæðu (hvort sem það var vegna kostnaðar, vegalengdar frá heimili, biðlista, eigin tímaleysis, ótta, þess að þau þekktu ekki neinn góðan lækni eða sérfræðing, eða þess að þau hafi ákveðið að bíða og sjá til hvort vandamálið lagaðist ekki). Um 10% kvenna og 7% karla komst ekki til læknis á Íslandi en innan við 1% í Austurríki og Slóveníu, þar sem hlutfallið var lægst. Í Lettlandi, þar sem hópurnir sem ekki komst til læknis var hlutfallslega stærstur, reyndust 19% karla og tæp 20% kvenna hafa neitað sér um læknisþjónustu.

¹ Paris, Valérie, Emily Hewlett, Ane Aaraaen, Jan Alexa og Lisa Simon (2016), „Health Care Coverage in OECD Countries in 2012“, *OECD Health Working Papers*, 88, OECD Publishing, Paris.
<http://dx.doi.org/10.1787/5j1z3kbf7pzv-en>

Mynd 1. Fólk sem ekki fór til læknis eftir kyni og búsetulandi 2014

Figure 1. People who didn't see a doctor by sex and country 2014




Heimild Source: Eurostat.

Séu ástæður þess að fólk komst ekki til læknis skoðaðar í þeim löndum þar sem úppfyllt þörf er hvað mest er algengasta ástæðan yfirleitt kostnaður. Eins og kemur fram á mynd 2 er kostnaður læknisþjónustu fyrirstaða fyrir rúmlega 4% íslenskra kvenna og ríflega 2% íslenskra karla. Innan Evrópu er Ísland með sjöunda hæsta hlutfallið sé löndunum raðað eftir hlutfalli kvenna sem neitaði sér um læknisheimsókn og því áttunda sé raðað eftir hlutfalli karla sem það gerði. Innan Evrópusambandsins eru þessi hlutföll að jafnaði 3% meðal kvenna og 2 % meðal karla en eins og sjá má á myndinni er mjög mismunandi eftir löndum hvað kostnaður er fyrirstaða fyrir hátt hlutfall íbúa. Í fimmtán neðstu löndunum á myndinni var hlutfallið sem ekki hafði efni á læknisheimsókn undir einu prósentu, á meðan í Lettlandi, þar sem hlutfallið var hæst meðal beggja kynja, komust tæp 12% kvenna og 9% karla ekki til læknis eða sérfræðings vegna kostnaðar á árinu 2014.

Mynd 2. Fólk sem ekki fór til læknis vegna kostnaðar eftir kyni og búsetulandi 2014

Figure 2. People who didn't see a doctor due to cost by sex and country 2014




Heimild Source: Eurostat.

Mynd 3 sýnir hlutfall fólks á Íslandi sem ekki komst til læknis árið 2015 vegna kostnaðar annars vegar, og af öðrum ástæðum hins vegar, eftir tekjufimmtingum. Á myndinni kemur fram að kostnaður læknisþjónustu er frekar fyrirstaða hjá þeim sem lægstar tekjurnar hafa en tæp 6% fólks í lægsta tekjufimmtingi komst ekki til læknis vegna kostnaðar árið 2015 á móti ríflega 1% fólks í tekjuhæstu hópnum.

Mynd 3. Fólk sem ekki fór til læknis vegna kostnaðar eða af öðrum ástæðum eftir tekjufimmtingum 2015

Figure 3. People who didn't see a doctor due to cost or for other reasons by income quintiles 2015




Skýringar Notes: Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miðast ártalið við það ár sem lífshjúðunarrannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattframtölum ársins á undan. According to Eurostat procedures the year refers to the survey year, i.e. the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Á Íslandi eins og í Evrópu allri hefur hlutfall þeirra sem ekki fara til læknis vegna kostnaðar yfirleitt verið hærra meðal kvenna en karla. Eins og sjá má á mynd 4 hækkaði hlutfallið meðal beggja kynja á árunum eftir hrun, en meira meðal kvenna svo bilið á milli kynjanna breikkaði. Árið 2008, þegar það var lægst, var hlutfall þeirra sem ekki höfðu efni á lækni- eða sérfræðingsþjónustu sem það hafði þörf fyrir undir 1,5% hjá báðum kynjum. Það jafngildir því að um 2.700 íbúar á Íslandi hafi þurft að neita sér um þjónustu lækni eða sérfræðings sökum efnahags. Árið 2015 var hlutfallið komið yfir 4% hjá konum og ríflega 2% hjá körlum sem áætlað er að jafngildi um 8 þúsund manns. Þó er vert að athuga að hlutfall þeirra sem ekki komst í lækniþjónuðun í heild, óháð því hvaða ástæða var tilgreind, breyttist ekki teljandi við hrunið eins og sjá má á töflu 2 í viðauka.

Mynd 4. Fólk sem fór ekki til lækni sökum kostnaðar eftir kyni 2005–2015

Figure 4. People who didn't see a doctor due to cost by sex 2005–2015




Skýringar Notes: Tölugildi eru í töflu 2 í viðauka. Exact values are to be found in table 2 in the appendix.

Óuppfyllt þörf fyrir tannlæknaþjónustu

Þegar lítið er til hlutfalls þeirra sem ekki komust til tannlæknis af einhverjum ástæðum árið 2014, eru Íslendingar með fjórða efsta hlutfallið hjá báðum kynjum, en 12% karla og 14% kvenna voru í þessum hópi hérlandis það ár. Efst tróna íbúar Lettlands en 22% karla og 21% kvenna í Lettlandi höfðu ekki komist til tannlæknis einhvern tíma á árinu á meðan í Austurríki, þar sem hlutfallið var lægst, höfðu um 1 % beggja kynja neitað sér um tannlæknaþjónustu.

Mynd 5. Fólk sem fór ekki til tannlæknis eftir búsetulandi og kyni 2014

Figure 5. People who didn't see a dentist by country and sex 2014




Heimild Source: Eurostat.

Á mynd 6 sést hlutfall þeirra sem ekki fóru til tannlæknis árið 2014 vegna kostnaðar eftir löndum og kyni. Eins og sést með samanburði á myndum 4 og 5 er kostnaður helsta ástæða þess að fólk í Evrópu sleppir heimsókn til tannlæknis enda raðast löndin líkt á myndum 4 og 5. Efst trónir Lettland eins og áður, þar sem um 18% kvenna og 17% karla hafði ekki efni á því að fara til tannlæknis. Neðst eru Finnland, Slóvenía og Austurríki, þar sem þetta hlutfall var undir einu prósentu. Hlutfall þeirra sem ekki komst til tannlæknis vegna kostnaðar var 12% meðal íslenskra kvenna og 9% meðal íslenskra karla og raðast Ísland því í fjórða sæti þegar raðað er eftir konum en því fimmta þegar litið er til karlanna.

Mynd 6. Fólk sem ekki fór til tannlæknis vegna kostnaðar eftir kyni og Evrópulandi 2014

Figure 6. People who didn't see a dentist due to cost by sex and country 2014




Heimild Source: Eurostat.

Mynd 7 sýnir hlutfall fólks á Íslandi sem ekki hafði efni á því að fara til tannlæknis árin 2005–2015 og eins og kemur þar fram hefur hlutfallið verið hærra meðal kvenna en karla nánast allt tímabilið. Myndin sýnir líka að kostnaður varð fyrirstaða fyrir hærra hlutfall íbúa eftir hrun en hlutfallið hækkaði um rúm þrjú prósentustig meðal kvenna milli áráanna 2009 og 2010 (úr 7,6% í 10,9%) og rúmt prósentustig meðal karla á sama tímabili (úr 6,7% í 7,8%). Árið 2015 kváðust tæp 12% kvenna og 9% karla á Íslandi ekki hafa farið til tannlæknis vegna kostnaðar, samtals áætlað um 25 þúsund manns.

Mynd 7. Fólk sem ekki fór til tannlæknis vegna kostnaðar eftir kyni 2005–2015

Figure 7. People who didn't see a dentist due to cost by sex 2005–2015




Skýringar Notes: Nákvæm tölugildi eru í töflu 5. Exact values are to be found in table 5.

Á mynd 8 sést hvernig hlutfall fólks sem þurfti að neita sér um þjónustu tannlæknis vegna kostnaðar annars vegar og af öðrum ástæðum hins vegar, skiptist eftir tekjufimmtungum. Einn af hverjum fimm (20%) í lægsta tekjufimmtungnum þurfti að sleppa tannlæknisheimsókn af einhverjum ástæðum árið 2015. Í hæsta tekjufimmtungnum var hlutfallið sem þess þurfti 1 af hverjum 15, eða tæp 7%.

Mynd 8. Fólk sem fór ekki til tannlæknis sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum eftir tekjufimmtungum 2015

Figure 8. People who didn't see a dentist due to cost or for other reasons by income quintile 2015




Skýringar Notes: Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miðar ártalið við það ár sem lífshjálparannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattframtölum ársins á undan. According to Eurostat procedures the year refers to the survey year, i.e. the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Sé hópurinn, sem sleppti tannlæknaþjónustu, skoðaður eftir tekjufimmtungum kemur einnig í ljós að hlutfall þeirra sem bar fyrir sig kostnaði af þeim sem ekki komst til tannlæknis var töluvert hærra í lægstu tekjufimmtungunum heldur en í þeim hæstu. Kostnaður var ástæða þess að fólk í lægsta tekjufimmtungi komst ekki til tannlæknis í 84% tilvika en í hæsta tekjufimmtungi var kostnaður ástæðan í 62% tilvika.

Sé einungis litið til þeirra sem neita sér um tannlæknaþjónustu vegna kostnaðar og sá hópur skoðaður eftir kyni og tekjum reynist hlutfallið sem neitaði sér um þjónustu tannlæknis vera hærra meðal kvenna en karla í fjórum af fimm tekjufimmtungum. Af þeim sem eru í lægsta tekjufimmtungi reyndust 19% kvenna hafa þurft að neita sér um þjónustu tannlæknis vegna kostnaðar á árinu 2015, á móti 15% karla. Í efsta tekjufimmtungi reyndust hins vegar um 5% karla hafa neitað sér um tannlæknaþjónustu vegna kostnaðar á móti 3% kvenna.

Mynd 9. Fólk sem ekki fór til tannlæknis vegna kostnaðar eftir kyni og tekjufimmtingum 2015

Figure 9. People who didn't see a dentist due to cost by sex and income quintile 2015



Skýringar Notes: Nákvæm tölugildi eru í töflu 5. Exact values are to be found in table 5.

Á töflu 1 á næstu síðu má líta hlutfall fólks sem ekki hafði efni á þjónustu tannlæknis árið 2014 eftir búsetulandi, atvinnustöðu og kyni. Almenn er algengast að atvinnulausir þurfi að neita sér um tannlæknaþjónustu og voru 44% atvinnulausra karla og 34% atvinnulausra kvenna í Lettlandi í þeim hópi árið 2014. Á Íslandi komst um einn af hverjum fjórum atvinnulausum ekki til tannlæknis vegna kostnaðar árið 2014, 23% kvenna og 26% karla, sem eru fjórðu hæstu hlutföllin hjá báðum kynjum í þessum hópi.

Næst á eftir atvinnulausum eru líklegast að fólk sem er á vinnualdri en ekki á vinnumarkaði neiti sér um tannlæknaþjónustu en í þessum hópi eru til dæmis einstaklingar sem eru í námi, eru öryrkjar eða heimavinnandi. Um 17% kvenna utan vinnumarkaðar á Íslandi komst ekki til tannlæknis sökum efna árið 2014 og deilir Ísland hér efsta sætinu með Portúgal og Lettlandi. Meðal karla var hlutfallið á Íslandi um 13% sem er annað efsta hlutfallið á listanum á eftir Lettlandi (18%).

Hlutfall starfandi kvenna sem ekki fór til tannlæknis á Íslandi vegna kostnaðar árið 2014 var það fjórða hæsta í Evrópu (11%) og hlutfall starfandi karla það sjötta hæsta (8%). Hlutfall starfandi fólks sem þurfti að neita sér um tannlæknaþjónustu vegna efna var tæp 15% hjá starfandi konum í Lettlandi þar sem það var hæst og meðal karla í Portúgal (12%), en lægst var það hjá báðum kynjum í Finnlandi.

Fólk á eftirlaunum er almennt ólíklegt til að hafa ekki efni á þjónustu tannlækna, en þó voru 21% kvenna og 19% karla á eftirlaunum í þessum hópi í Lettlandi þar sem hann var hlutfallslega stærstur. Eftirlaunaþegar á Íslandi hafa frekar efni á þjónustu tannlækna en aðrir hópar sé horft til atvinnustöðu, samanber töflu 1. Hlutfall kvenna á eftirlaunaaldri sem neitaði sér um þjónustu tannlæknis á árinu 2014 var 4% sem er níunda hæsta hlutfallið innan Evrópu, og hlutfall karla í sömu stöðu var 5%, sem er þrettánda hæsta hlutfallið.

Tafla 1. Fólk sem hafði ekki efni á þjónustu tannlæknis eftir búsetulandi, atvinnustöðu og kyni árið 2014

Table 1. People who could not afford going to the dentist by country, activity status and sex in 2014

Hlutfall Percent	Önnur utan							
	Atvinnulaus <i>Unemployed</i>		vinnnumarkaðar <i>Others inactive</i>		Á eftirlaunum <i>Retired</i>		Starfandi <i>Employed</i>	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Austurríki <i>Austria</i>	0,0	5,4	0,5	0,2	0,4	0,4	0,3	0,1
Belgía <i>Belgium</i>	11,1	13,2	8,3	5,5	1,8	1,8	2,3	2,2
Bretland <i>United Kingdom</i>	5,6	5,3	2,1	2,4	1,9	0,9	2,6	2,6
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	9,6	13,2	7,2	6,0	5,4	6,2	5,1	5,7
Danmörk <i>Denmark</i>	22,9	10,2	6,0	8,9	1,6	0,5	3,3	3,0
Eistland <i>Estonia</i>	15,5	19,0	7,8	8,9	8,5	9,2	4,4	7,6
Evrópusambandið <i>European Union</i>	12,9	12,8	4,4	6,4	4,4	4,5	3,7	4,4
Finnland <i>Finland</i>	1,4	0,8	0,0	0,7	0,4	0,3	0,1	0,1
Frakkland <i>France</i>	11,1	11,2	5,4	6,2	4,5	5,5	3,4	5,3
Grikkland <i>Greece</i>	18,6	19,8	8,1	12,2	12,1	10,6	10,0	12,5
Holland <i>Netherlands</i>	7,0	9,8	1,3	1,7	0,8	0,4	0,9	1,3
Írland <i>Ireland</i>	8,2	6,5	3,8	5,9	2,2	3,1	5,3	7,4
Ísland <i>Iceland</i>	25,7	23,0	12,6	17,4	4,6	3,6	7,6	10,6
Ítalía <i>Italy</i>	17,8	17,3	6,5	10,6	9,6	9,4	8,4	9,2
Króaía <i>Croatia</i>	3,4	2,1	1,0	1,6	1,5	2,1	1,0	0,8
Kýpur <i>Cyprus</i>	15,6	16,9	3,1	8,8	5,2	6,5	9,4	7,6
Lettland <i>Latvia</i>	43,6	33,5	17,7	17,3	18,7	21,1	11,4	14,5
Litháen <i>Lithuania</i>	8,7	10,2	3,8	3,5	2,3	3,6	1,8	2,2
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	9,5	4,9	1,3	1,6	0,0	0,2	1,0	1,4
Malta <i>Malta</i>	6,0	2,7	0,7	1,4	0,6	0,2	0,9	0,7
Noregur <i>Norway</i>	18,6	25,7	6,1	7,5	0,7	0,8	1,5	3,5
Portúgal <i>Portugal</i>	26,4	28,2	10,7	17,3	13,7	16,2	11,9	13,7
Pólland <i>Poland</i>	8,8	5,4	3,8	4,7	2,6	3,2	2,9	4,3
Rúmenía <i>Romania</i>	18,0	9,6	6,3	7,6	12,6	16,1	6,3	6,0
Slóvakía <i>Slovakia</i>	7,9	8,4	1,8	1,6	2,2	2,0	1,0	1,1
Slóvenía <i>Slovenia</i>	0,6	0,7	0,4	0,1	0,3	0,8	0,5	0,1
Spánn <i>Spain</i>	16,2	16,3	6,6	7,9	4,4	3,7	4,6	6,3
Swiss <i>Switzerland</i>	14,5	13,4	6,0	6,2	1,8	3,9	3,4	4,3
Svíþjóð <i>Sweden</i>	17,1	15,4	4,8	7,3	2,1	2,4	2,7	3,3
Tékkland <i>Czech Republic</i>	6,8	8,7	0,0	2,0	0,8	1,0	0,5	0,7
Ungverjaland <i>Hungary</i>	10,6	12,6	3,8	4,5	2,0	3,1	3,0	3,1
Þýskaland <i>Germany</i>	6,6	6,1	2,2	2,0	1,0	1,3	1,4	2,0

Um félagsvísa

Í júní árið 2012 var gerður samningur milli velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands sem felur í sér að Hagstofan annast uppfærslu og birtingu félagsvísa. Félagsvísar eru safn tölulegra upplýsinga um velferð, efnahag, heilsufar og félagslegar aðstæður íbúa í landinu. Vísarnir draga upp mynd af þróun samfélagsins og lífsgæðum landsmanna og auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þjóðfélagsþróun og samfélagsbreytingum.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC) og byggist á alþjóðlegum skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við lífskjararannsóknir í öðrum Evrópulöndum. Upplýsingum um heilsufar er safnað með spurningakönnun en tekjuupplýsingar eru fengnar úr skráum skattsins. Ráðstöfunartekjur eru samanlagðar heildartekjur allra heimilismanna eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum. Í kaflanum *Skýringar og hugtök* má sjá skilgreiningar hugtaka sem koma við sögu í heftinu. Allt talnaefni sem tengist þessum Hagtíðindum er á vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Úrtak

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2015 var 4.559 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.288 heimili. Svör fengust frá 2.939 þessara heimila sem er 68,5% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.608 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd 2. febrúar til 1. maí árið 2015.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins að frádrægnum sköttum og greiðslum í lífeyrissjóðað meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2) og reglubundnum greiðslum frá öðrum heimilum, svo sem meðlagi með börnum. Húsaleigubætur og vaxtabætur teljast þó ekki til ráðstöfunartekna í þeirri skilgreiningu sem notast er við í þessu hefti þar sem þessir liðir dragast frá húsnæðiskostnaði. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Öryggisbil* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort

munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.

4. Könnunarár og tekjuár Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við framkvæmd Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur og afborganir vaxta og verðbóta eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

Four out of hundred women and two out of hundred men in Iceland did not see a doctor when needed due to cost in 2015, or about 8 thousand people in total. Around 6% of people in the lowest income quintile did not see a doctor due to cost compared with 1% of people in the highest income quintile.

Compared to other European countries, it is more common in Iceland for people to skip a doctor's visit due to cost, according to the latest comparable data from 2014. That year about 3% of inhabitants in Iceland skipped a doctor's visit due to cost ranking the sixth highest in Europe.

It is estimated that around 25 thousand people, approximately 10% of adults in Iceland, did not see a dentist when needed due to cost in 2015, about 11 thousand men and 14 thousand women. People with lower income are more likely to report cost as the reason for not going to the dentist than people in the highest income quintile.

Compared to other European countries the group that does not go to a dentist when needed for some reason is relatively large in Iceland. The share of women that did not go to a dentist due to cost was the fourth highest in Europe and among men the fifth highest.

One in every four unemployed people in Iceland did not go to a dentist due to cost in 2014, 23% of women and 26% of men, which is the fourth highest proportion in Europe for both sexes. In second place were those who are of working age but not active in the labour market, e.g. students, people with disabilities and homemakers. Of women in Iceland outside the labour force, 17% skipped a dentist's appointment due to cost in 2014, sharing the top seat in Europe with women in Portugal and Latvia. Among men outside the labour force, 13% skipped a dentist's appointment in Iceland which was the second highest share in Europe after Latvia (18%).

Tafla 2. Fólk á Íslandi sem fór ekki til læknis af einhverjum ástæðum 2005–2015*Table 2. People in Iceland who didn't see a doctor for some reason 2005–2015*

%	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Konur Females											
Alls Total	9,7	4,2	7,5	5,6	7,0	6,7	6,7	7,8	7,5	9,8	9,5
Kostnaður <i>Due to cost</i>	2,2	1,0	2,0	1,1	1,8	3,0	3,7	4,4	3,7	4,5	4,2
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	7,5	3,2	5,5	4,5	5,2	3,7	3,0	3,4	3,8	5,3	5,3
Karlar Males											
Alls Total	8,6	3,5	7,2	5,8	6,5	7,3	8,0	6,8	6,7	7,1	7,3
Kostnaður <i>Due to cost</i>	1,1	0,7	0,8	1,3	1,5	2,0	2,8	3,0	2,0	2,3	2,3
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	7,5	2,8	6,4	4,5	5,0	5,3	5,2	3,8	4,7	4,8	5,0

Tafla 3. Fólk sem fór ekki til læknis sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum eftir kyni og búsetulandi 2014

Table 3. People who didn't see a doctor due to cost or for other reasons by sex and country 2014

Hlutfall Percent	Konur <i>Females</i>		Karlur <i>Males</i>	
	Kostnaður <i>Due to cost</i>	Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	Kostnaður <i>Due to cost</i>	Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>
Austurríki <i>Austria</i>	0,0	0,2	0,1	0,3
Belgía <i>Belgium</i>	2,4	0,5	1,9	0,8
Bretland <i>United Kingdom</i>	0,2	4,2	0,1	3,7
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	4,8	3,3	3,9	3,4
Danmörk <i>Denmark</i>	0,3	5,5	0,5	7,6
Eistland <i>Estonia</i>	0,4	15,1	0,6	9,6
Evrópusambandið <i>European Union</i>	2,7	4,3	2,0	4,3
Finnland <i>Finland</i>	0,1	5,6	0,1	3,6
Frakkland <i>France</i>	2,9	3,5	1,7	4,5
Grikkland <i>Greece</i>	10,9	2,9	8,4	3,1
Holland <i>Netherlands</i>	0,5	0,8	0,4	1,1
Írland <i>Ireland</i>	2,9	2,0	2,2	1,7
Ísland <i>Iceland</i>	4,5	5,3	2,3	4,9
Ítalía <i>Italy</i>	6,6	1,8	5,7	1,5
Króaía <i>Croatia</i>	1,5	6,5	1,2	5,7
Kýpur <i>Cyprus</i>	5,0	0,8	4,2	0,9
Lettland <i>Latvia</i>	11,5	8,0	9,2	9,6
Litháen <i>Lithuania</i>	0,8	5,8	0,6	3,5
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	0,6	3,3	0,5	5,0
Malta <i>Malta</i>	1,1	1,4	0,7	1,4
Noregur <i>Norway</i>	0,2	2,4	0,2	1,2
Portúgal <i>Portugal</i>	3,7	2,4	2,2	2,7
Pólland <i>Poland</i>	3,3	10,4	2,8	9,2
Rúmenía <i>Romania</i>	9,9	3,7	6,5	2,3
Slóvakía <i>Slovakia</i>	0,9	4,7	0,8	4,6
Slóvenía <i>Slovenia</i>	0,0	0,3	0,2	0,3
Spánn <i>Spain</i>	0,5	4,3	0,4	5,7
Sviss <i>Switzerland</i>	1,1	1,0	0,9	0,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	0,4	9,4	0,5	8,1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	0,6	3,6	0,3	3,3
Ungverjaland <i>Hungary</i>	2,3	4,6	1,8	5,3
Þýskaland <i>Germany</i>	0,6	5,9	0,6	5,7

Tafla 4. Fólk sem fór ekki til tannlæknis sökum kostnaðar eftir kyni og búsetulandi 2014
 Table 4. People who didn't see a dentist due to cost by sex and country in 2014

Hlutfall Percent	Konur <i>Females</i>		Karlur <i>Males</i>	
	Kostnaður <i>Due to cost</i>	Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	Kostnaður <i>Due to cost</i>	Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>
Austurríki <i>Austria</i>	0,4	0,6	0,4	0,6
Belgía <i>Belgium</i>	3,7	1,8	3,7	1,8
Bretland <i>United Kingdom</i>	2,5	2,3	2,2	2,6
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	6,0	1,4	6,6	0,8
Danmörk <i>Denmark</i>	4,2	2,5	4,0	2,7
Eistland <i>Estonia</i>	6,3	1,5	8,7	1,8
Evrópusambandið <i>European Union</i>	4,7	2,9	5,5	2,1
Finnland <i>Finland</i>	0,3	4,3	0,3	4,3
Frakkland <i>France</i>	4,5	4,9	5,9	3,5
Grikkland <i>Greece</i>	11,6	2,3	13,1	0,8
Holland <i>Netherlands</i>	1,3	2,3	1,6	2,0
Írland <i>Ireland</i>	4,9	1,7	6,4	0,2
Ísland <i>Iceland</i>	8,8	3,2	11,9	0,1
Ítalía <i>Italy</i>	9,5	1,7	10,4	0,8
Króatía <i>Croatia</i>	1,5	3,1	1,6	3,0
Kýpur <i>Cyprus</i>	8,4	2,4	8,6	2,2
Lettland <i>Latvia</i>	16,7	5,1	18,1	3,7
Litháen <i>Lithuania</i>	2,7	1,3	3,4	0,6
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	1,2	2,5	1,4	2,3
Malta <i>Malta</i>	1,1	1,3	1,1	1,3
Noregur <i>Norway</i>	2,3	3,3	4,0	1,6
Portúgal <i>Portugal</i>	14,1	3,9	16,8	1,2
Pólland <i>Poland</i>	3,4	5,1	4,2	4,3
Rúmenía <i>Romania</i>	8,0	2,3	9,5	0,8
Slóvakía <i>Slovakia</i>	2,0	2,7	2,1	2,6
Slóvenía <i>Slovenia</i>	0,5	1,1	0,4	1,2
Spánn <i>Spain</i>	6,9	3,1	8,2	1,8
Sviss <i>Switzerland</i>	3,6	1,6	4,7	0,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	3,3	3,4	4,0	2,7
Tékkland <i>Czech Republic</i>	1,0	3,9	1,4	3,5
Ungverjaland <i>Hungary</i>	3,6	2,9	4,0	2,5
Þýskaland <i>Germany</i>	1,7	2,0	2,0	1,7

Tafla 5. Fólk sem hafði ekki efni á tannlæknaþjónustu eftir tekjum og kyni 2005–2015
 Table 5. People who couldn't afford dental care services by income quintile and sex 2005–2015

%	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Konur Females											
Alls Total	8,4	7,1	7,2	6,6	7,6	10,9	12,0	10,1	11,5	11,9	11,6
Öryggisbil <i>CI</i>	1,8	1,8	1,6	1,6	1,6	1,7	1,7	1,6	1,7	1,8	1,8
0–20%	13,1	9,4	13,9	11,5	12,8	16,9	18,4	14,7	16,9	19,8	18,7
20–40%	10,3	8,9	9,7	9,9	12,4	14,2	15,4	11,1	16,4	13,7	13,1
40–60%	9,3	7,6	4,4	4,3	5,1	10,1	11,7	12,6	11,7	10,5	13,4
60–80%	5,3	7,6	6,0	3,8	4,3	8,1	8,5	7,4	7,5	8,2	8,4
80–100%	3,2	1,2	0,8	2,4	0,8	3,1	4,4	3,5	3,4	5,3	3,2
Karlar Males											
Alls Total	4,9	4,7	5,2	4,6	6,7	7,8	10,4	9,9	10,6	8,9	8,8
Öryggisbil <i>CI</i>	1,8	1,8	1,7	1,5	1,7	1,7	1,8	1,7	1,8	1,7	1,7
0–20%	6,7	9,6	6,6	7,4	11,9	13,5	20,1	14,5	19,0	18,6	15,0
20–40%	8,9	6,3	6,8	8,9	7,7	8,6	14,4	15,1	13,7	11,3	10,0
40–60%	3,5	5,8	7,7	4,0	6,3	10,1	8,7	9,0	9,5	8,3	10,8
60–80%	4,5	1,1	4,6	2,9	5,2	5,2	4,9	6,8	6,2	3,4	4,3
80–100%	2,0	1,6	0,7	0,6	3,5	3,1	5,1	5,3	6,3	4,8	4,8

Hagtiðindi **Heilbrigðismál**
Statistical Series **Health**

101. árg. • 34. tbl.

ISSN 1670-4770

12. desember 2016

Umsjón *Supervision* Þóra Kristín Þórsdóttir • thora.thorsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.